



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavík 4. maí 2018

Atvinnuveganefnd Alþingis

Minnisblað um auknar hafrannsóknir og hafrannsóknaskip

Undirritaður þakkar góðan fund í gær með nefndinni um fjármálaáætlun. Það sem einkum vantar í fjármálaáætlun er fé til grunnrannsókna á lífríki og nytjastofnum hafsins og svo áætlun um nýtt hafrannsóknaskip.

Ísland nýtur ríkulegra auðlinda í hafinu í kringum landið og nýting þeirra stendur undir stórum hluta af afkomu þjóðarinnar. Tekist hefur að gera veiðinýtingu helstu nytjastofna sjálfbæra og ganga þannig um auðlindirnar að til fyrirmyndar þykir. Þá hefur stjórnunarfyrirkomulag veiðanna gert þær arðbærari en víðast annars staðar. Viðamiklar rannsóknir og reglulegar stofnmælingar eru nauðsynlegar til að nýtingin sé sjálfbær og hún byggð á bestri fánlegri þekkingu.

Í stefnu núverandi ríkisstjórnar er lögð sérstök áhersla á auknar hafrannsóknir. Skóinn kreppir mest í hafrannsóknnum er lúta að rannsóknnum vegna hlýnandi loftslags og breytinga á hafstraumum og súrnun sjávar. Þá þarf að auka grunnrannsóknir á lífríki hafsins til að skilja betur vistkerfi þess og hvað ræður afkomu helstu nytjastofna. Mikilvægt er að í fjármálaáætlun sé gert ráð fyrir aukningu vegna þessa.

Ein meginforsenda hafrannsókna er að hafa góð rannsóknaskip. Í fjármálaáætlun eru einnig slík markmið hvað varðar málaflokkinn sjávarútveg en ekki verður séð að gert sé ráð fyrir fjármagni til skipaendurnýjunar.

Til rannsókna þarf góð rannsóknartæki. Skipakostur Hafrannsóknastofnunar þarf að vera góður. Hafrannsóknastofnun rekur tvö rannsóknaskip, Bjarna Sæmundsson RE 30 smíðaður

árið 1970 (56 m langt, 10,6 m breitt) og Árna Friðriksson RE 200 smíðaður árið 2000 (70 m langt, 14 m breitt).

Afar brýnt er að endurnýja rannsóknarskipið Bjarna Sæmundsson sem er að verða 50 ára gamalt. Rekstur þess skips er orðinn dýr vegna mikils viðhalds og bilanir geta og hafa sett rannsóknaleiðangra úr skorðum, sem er mjög bagalegt. Vel getur gerst að skipið stöðvist fyrirvaralítið um lengri tíma. Þá veldur sérstökum áhyggjum að skipið er einangrað með asbest. Ný skip bjóða einnig upp á fjölbreyttari möguleika til rannsókna auk þess sem eldsneytisnotkun nýrra skipa er mun minni. Áætla má að nýtt skip í stað Bjarna kosti um 3,5 milljarða. Er þá gert ráð fyrir öflugum og vel búnu skipi.

Árni Friðriksson er 18 ára gamall en huga þarf tímanlega að endurnýjun fyrir hann. Gert er ráð fyrir að reka Árna Friðriksson að minnsta kosti til ársins 2030 en þá lýkur kortlagningu hafsbotsins í efnahagslögsögu Íslands. Kostnaður við nýtt hafrannsóknaskip af svipaðri stærð, toggetu og rannsóknagetu hefur ekki verið metinn hjá Hafrannsóknastofnun. Varlega má þó áætla kostnað um 4,5 milljarða króna (til samanburðar eru Svíar að smíða 69 metra langt rannsóknaskip sem er áætlað að kosti 4,8 milljarða).

Sífelld er erfiðara að fá leigð skip í stofnmælingu botnfiska vor og haust. Þær mælingar eru grundvallarrannsóknir til að meta stofnstærð botnfiska við Ísland og fyrir veiðiráðgjöf stofnunarinnar. Gera þarf ráð fyrir að þær mælingar verði í framtíðinni gerðar á rannsóknaskipum. Auk þess er þörf á að stofnunin eigi minna skip eða stóran bát til rannsókna á grunnsævi og innfjarðar. Sú þörf er í dag leyst með leigu á bátum, en oft vantar talsvert á nauðsynlegan búnað og aðstöðu í slíkum bátum til að stunda rannsóknir. Verð á góðum sérbúnum rannsóknabát má áætla að sé um 300 milljónir.

Því má áætla að fjárfesting vegna endurnýjunar rannsóknaskipa muni nema rúmum 8 milljörðum króna. Gera má ráð fyrir með góðu viðhaldi og endurnýjun búnaðar og rannsóknatækja að rannsóknaskip endist í 30 ár. Árlegur afskriftarkostnaður miðað við ofangreint og 30 ára afskrift nemur 267 m.kr. Vegna rannsóknabúnaðar, spilbúnaðar og annars sérhæfðs búnaðar þarf örari endurnýjun og þar með hærri afskriftir. Áætla má 25 – 30 m.kr. árlega vegna þess. Heildarafskrift miðað við fyrrgreindar forsendur væri því um 300 m.kr. Er þá ekki tillit tekið til fjármagnskostnaðar.

Í samræmi við nýjar uppgjorsreglur í bókhaldi ríkis eru því afskriftir vegna rannsóknarskipa Hafrannsóknastofnunar um 300 milljónir á ári og þyrfti að gera ráð fyrir þeim fjármunum í fjárframlögum og reikningum ríkisins. Eðlilega kemur sá kostnaður vegna þessa fram þegar skip er endurnýjað í hærri upphæðum. Eðlilegt er að ríkissjóður jafni út þessar sveiflur.

Að lokum. Endurnýja þarf rannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson hið fyrsta og gera ráð fyrir framtíðarfjármögnun rannsóknarskipa.



Sigurður Guðjónsson, forstjóri